

eru þeir ekki sammála, verður að vísa máli þessu frá dómi ex officio.

Rétt þykir eins og máli þessu er háttað, að málskostnaður falli niður. Dóm þennan kvað upp Ásgeir Pétur Ásgeirsson héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi ex officio.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 29. júní 1988.

Nr. 76/1987. **Örn Halldórsson**

(Hrafnkell Ásgeirsson hrl.)

gegn

Ísflski sf.

Ómerking. Heimvísun. Áfrýjunarstefna. Leiðbeiningarskylda.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir og Benedikt Blöndal og Hjörtur Torfason settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 26. febrúar 1987. Gerir hann þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af kröfum stefnda á hendur sér og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda.

Stefndi krefst aðallega frávísunar á málinu frá Hæstarétti, en til vara þess að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð gögn úr vitnamáli, sem háð var á bæjarþingi Kópavogs eftir uppsögu héraðsdóms að tilhlutan áfrýjanda, en gegn mótmælum stefnda við nýjum vörnum og málsástæð-

um. Einnig hefur áfrýjandi lagt fram vottorð frá hlutafélagaskrá um útgerðarfélagið Júlíu hf. í Reykjavík.

I.

Krafa stefnda um frávísun málsins hér frá dómi er á því reist, að áfrýjunarstefna fullnægi ekki fyrir mælum 3. tl. 2. mgr. 34. gr. laga nr. 75/1973, þar sem hún greini ekki nægilega í hvaða skyni áfrýjað sé og hverjar séu dómkröfur áfrýjanda. Í stefnunni kveðst áfrýjandi munu krefjast þess, „að hinum áfrýjaða dómi verði ... hrundið og breytt á þann veg að allar kröfur hans í héraði verði teknar til greina og honum dæmdur hæfilegur málskostnaður“ í héraði og fyrir Hæstarétti. Er þetta óljóst fyrir þá sök, að málið var dómtekið í héraði án þess að fram væri komin greinargerð frá áfrýjanda eða bókaðar dómkröfur af hans hálfu.

Á orðalagi þessu hefur lögmaður áfrýjanda gefið þá skýringu, að áfrýjunarstefna hafi verið tekin út áður en dómsgerðir voru komnar honum í hendur, og áfrýjandi hefði tjáð sér að mótmæli frá honum við kröfum stefnda hefðu komið fram fyrir héraðsdómi. Þessi skýring er í samræmi við gögn málsins svo langt sem hún nær, þar sem ljóst virðist að áfrýjandi hafi haft uppi mótbárur við stefnukröfum þegar hann sótti þing og sett fram staðhæfingar sem fela í sér kröfur um fulla sýknu, meðal annars í bréfi til dómsins. Til þess er og vísað í hinum áfrýjaða dómi, að hann teldi hið umkrafða lán þegar greitt.

Með hliðsjón af þessu verður að ætla að stefndi hafi mátt vita, þegar málið var dómtekið í héraði, að áfrýjandi ætlaðist til þess að framkomnar yfirlýsingar hans yrðu metnar sem kröfur um sýknu. Jafnframt hafi stefnda verið nægilega ljóst þrátt fyrir fyrrgreint orðalag áfrýjunarstefnu, að með henni væri áfrýjandi að reyna að koma fram hinu sama, eins og síðar var staðfest í greinargerð fyrir Hæstarétti. Áfrýjandi er ólöglærður og virðist ekki hafa notið skýrra leiðbeininga um nauðsyn tímanlegrar framlagningar á formlegri kröfugerð, eins og síðar verður að vikið. Þykir hann ekki þurfa að gjalda þess, eins og hér stendur á, að lögmanni hans láðist að bæta úr vöntuninni á greinargerð í héraði með annarri orðan áfrýjunarstefnu. Með tilliti til þessa og málsatvika að öðru leyti eru ekki næg efni til þess að fallast á kröfu stefnda um vísan málsins frá Hæstarétti.

Stefndi var stefnandi máls þessa í héraði og þingfesti það 5. júní 1986 á bæjarþingi Kópavogs, sem var heimavarnarþing hans og annars stefndu. Útivist varð af hálfu þess stefnda, Guðmundar Vestmanns Ottóssonar, en áfrýjandi sótti sjálfur þing og virðist hafa gefið til kynna að hann væri ekki reiðubúinn til að viðurkenna kröfur stefnda að svo stöddu og hygðist halda uppi vörnum. Til stuðnings kröfunum hafði stefndi þá einungis lagt fram tryggingarvixil þann, sem um ræðir í málinu, ásamt innheimtubréfi til Guðmundar Vestmanns Ottóssonar og til áfrýjanda sem ábyrgðarmanns auk stefnu og greinargerðar.

Við næsta þinghald 26. júní 1986 sótti áfrýjandi ekki þing, og var málið dómtekið að kröfu stefnda. Að tilhlutan dómsins var málið síðan endurupptekið 1. júlí 1986 að þeim stefnda og áfrýjanda viðstöddum. Virðist sú ráðstöfun hafa verið gerð í ljósi þess, að áfrýjandi hafði 23. júní 1986 ritað bréf og greinargerð til Rannsóknarlögreglu ríkisins með beiðni um opinbera rannsókn á rekstri og fjárreiðum fyrrgreinds útgerðarfélags og á viðskiptum þess við stefnda sumarið 1985. Jafnframt hafði hann sama dag ritað héraðsdómara bréf með beiðni um frestun á bæjarþingsmálinu meðan þessi umbeðna rannsókn stæði yfir. Í þinghaldinu féllst lögmaður stefnda á frestun málsins til 1. september 1986. Var þá aftur þingað í málinu að áfrýjanda fjarstöddum og ákveðið að fresta því ótiltekið þar til upplýst væri, hvort umbeðin lögreglurannsókn færi fram.

Í málinu var síðan þingað 20. janúar 1987, og var áfrýjandi sjálfur mættur ásamt lögmanni stefnda. Lagði lögmaðurinn fram bréf til rannsóknarlögreglunnar þar sem hann svaraði fyrirspurn hennar til stefnda um viðskipti við stefndu í héraði. Upplýst var talið að rannsóknarlögreglan hefði ekki tekið skýrslur vegna kæru áfrýjanda, en aðilar hafa ekki skýrt nánar hvers vegna svo fór. Ákveðið var að aðilar og vitni gæfu skýrslu fyrir dómnum, og var málinu frestað til 6. febrúar 1987. Héraðsdómari gætti leiðbeiningarskyldu gagnvart áfrýjanda, en ekki verður séð af þingbók að leiðbeiningar hans hafi náð til þess sem lýtur að formlegri vörn í málinu, sbr. 106. gr. laga nr. 85/1936.

Við þinghaldið 6. febrúar var áfrýjandi ekki mættur og hafði ekki boðað forföll, en lögmaður stefnda sótti þing ásamt öðrum tveggja

eigenda að Ísfiski sf., sem gaf aðilaskýrslu fyrir dóminum af hálfu stefnda. Að svo búnu var málið dómtekið að kröfu stefnda og dómur á það lagður eftir framkomnum skjölum og skilríkjum, sbr. 2. mgr. 118. gr. laga nr. 85/1936.

Meðferð málsins í héraði fram til þinghaldsins 20. janúar 1987 verður að skilja svo, að áfrýjanda hafi verið gefinn kostur á að fresta framlagningu varnarskjala meðan leitt væri í ljós, hvort sönnunargögn, er hann teldi máli skipta, kæmu fram við rannsókn vegna kæru hans til rannsóknarlögreglu. Hafi þetta verið gert með samþykki stefnda, enda óvíst, hvort honum væri það í óhag miðað við framkomin söknargögn, að áfrýjandi tæki til varna. Þegar ljóst þótti í þessu þinghaldi, að slíkra gagna væri eigi að vænta, bar dómara að brýna fyrir áfrýjanda þýðing þess að formleg kröfugerð ásamt greinargerð kæmi fram af hans hálfu, áður en hafist væri handa um öflun sönnunargagna fyrir dómi. Bar dómara jafnframt að veita áfrýjanda kost á hæfilegum fresti til að leggja fram þessi varnarskjöl í samræmi við 106. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 32. gr. laga nr. 28/1981, en ekki verður ráðið af bókunum um fyrri þinghöld að leiðbeiningar dómara hafi þá veitt honum skýra leiðsögn að þessu leyti. Í stað þessa var málinu frestað til yfirheyrslu aðila og vitna, og verður að telja það andstætt ákvæðum 109. gr. laga nr. 85/1936 og reglum 2. mgr. 111. gr. sömu laga, sbr. 34. gr. laga nr. 28/1981.

Að svo vöxnu máli verður ekki hjá því komist að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð í héraði frá og með 20. janúar 1987, er ákvörðun var tekin um frestun málsins til skýrslugjafar fyrir dómi, og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Rétt þykir að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins frá og með þinghaldi 20. janúar 1987, er ákvörðun var tekin um frestun málsins til skýrslugjafar fyrir dómi, eiga að vera ómerk, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarings Kópavogs 11. febrúar 1987.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 6. þ.m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu birtri 21. og 23. maí 1986 af Ísfiski sf., Kársnesbraut 124, Kópavogi, sem er sameignarfélag þeirra Óskars Þórs Karlssonar, nnr. 6933-9018, og Karls S. Karlssonar, nnr. 5499-7183, á hendur Guðmundi V. Ottóssyni, nnr. 3097-7521, Þinghólsbraut 28, Kópavogi og Erni Halldórssyni, nnr. 9914-0739, Sigtúni 25, Reykjavík til greiðslu skuldar in solidum að fjárhæð kr. 150.000,00 með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 5. nóvember 1985 til 1. mars 1986, en 2,75% dráttarvöxtum frá 1. mars 1986 til 1. apríl 1986 en 2,25% dráttarvöxtum frá þeim tíma til greiðsludags, bankakostnaðar kr. 120,00 og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Málavextir eru þeir, svo sem fram hefur komið, að stefnandi í máli þessu lánaði báðum stefndu kr. 150.000,00 til bátakaupa og var samkomulag um að lánið yrði greitt með því að stefndu legðu inn afla hjá stefnanda. Til tryggingar greiðslu lánsins gaf stefnandi út tryggingarvixil sem lagður hefur verið fram í málinu með gjalddaga 5. nóvember 1985, að fjárhæð kr. 150.000,00 og er hann samþykktur af stefnda Guðmundi en ábektur af stefnda Erni. Stefnandi hefur upplýst að af misgáningi hafi stefnandi ritað á vixilinn sem útgefandi en stefndi Örn sem ábekingur.

Af hálfu stefndu hefur því ekki verið mótmælt að þeir hafi fengið umrætt peningalán hjá stefnanda. Stefndi Örn hefur hins vegar haldið því fram að lánið væri þegar greitt með innlögðum afla.

Af hálfu stefnanda hefur verið upplýst að stefndi Guðmundur hafi lagt inn samtals 800 kg af fiski að verðmæti 13.800,00 kr. og hafi stefndi Guðmundur fengið greitt fyrir þetta sérstaklega kr. 15.000,-. Um frekari innlögn af fiski á vegum stefndu hjá stefnanda hafi ekki verið að ræða.

Stefndi Örn hefur ítrekað fengið frest í máli þessu með vísan til þess að viðskipti hans og Ísfisks hf. væru til rannsóknar hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins. Lögmaður stefnanda hefur með bréfi dags. 12. desember 1986 svarað fyrirspurn rannsóknarlögreglunnar varðandi þau viðskipti aðila máls þessa sem mál þetta snýst um. Í þinghaldi þann 6. febrúar sl. féll þingsókn niður af hálfu stefnda Arnar og var málið dómtekið að kröfu stefnanda í því þinghaldi.

Þar sem þingsókn hefur fallið niður af hálfu stefnda Arnar og stefndi Guðmundur hefur ekki sótt þing þótt honum hafi verið löglega stefnt verður eftir 118. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936 að dæma í málinu eftir framlögðum skjölum og skilríkjum og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 45.000,00.

Dóm þennan kvað upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Guðmundur V. Ottósson og Örn Halldórsson, greiði stefnanda, Ísfiski sf., in solidum kr. 150.000,00 með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 5. nóvember 1985 til 1. mars 1986, en 2,75% dráttarvöxtum frá 1. mars til 1. apríl 1986 en 2,25% dráttarvöxtum frá þeim tíma til greiðsludags, bankakostnaður kr. 120,00 og kr. 45.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 29. júní 1988.

Nr. 186/1988. **Bláðaprent hf.**

gegn

Persíu hf.

og

skiptaráðandanum í Reykjavík

Kærumál. Greiðslustöðvun felld úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Benedikt Blöndal og Guðrún Erlendsdóttir.

Gréta Baldursdóttir, sett borgarfógeti, kvað hinn kærða úrskurð upp sem skiptaráðandi í skiptarétti Reykjavíkur 10. þ.m. Úrskurðurinn er án forsendna og hljóðar svo: „Persíu h.f. nafnnr. 7059-5001, Reykjavík er veitt heimild til greiðslustöðvunar í þrjá mánuði frá deginum í dag að telja.“

Með bréfi 16. þ.m. krafðist sóknaraðili þess, að skiptaráðandi felldi tafarlaust niður réttaráhrif úrskurðarins samkvæmt heimild